

REGLUR

um starfsemi jöfnunarkerfa.

1. gr.

Skilgreining hugtaka.

Greiðslukerfi: Formlegt fyrirkomulag þriggja eða fleiri þátttakenda sem byggist á sameiginlegum reglum og stöðluðu fyrirkomulagi við framkvæmd greiðslufyrirmæla milli þeirra, enda hafi a.m.k. einn þátttakendanna aðalskrifstofu sína hér á landi, og greiðslukerfið fullnægir þeim kröfum sem gerðar eru og það hefur verið viðurkennt og tilkynnt í samræmi við lög nr. 90/1999 um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum.

Hámarksjöfnunarstaða: Hámarksfjárhæð sem þátttakandi má skulda vegna greiðslu-jöfnunar í jöfnunarkerfi.

Heimildarlás: Búnaður sem hindrar framkvæmd greiðslufyrirmæla þátttakanda ef hámarksheimildarstöðu hans er náð.

Jöfnunarkerfi: Greiðslukerfi sem tekur við beiðnum frá þátttakendum um framkvæmd fyrirmæla um greiðslur frá einum þátttakanda til annars innan kerfisins. Greiðslukerfið jafnar greiðslur, þ.e. umbreytir mörgum kröfum eða skuldbindingum í eina (nettó)kröfu eða (nettó)skuldbindingu um greiðslu eða greiðsluskyldu þátttakenda.

Jöfnunarreikningur: Reikningur þátttakanda í jöfnunarkerfi sem hann notar við stýringu á jöfnunarstöðu sinni.

Jöfnunarstaða: Nettórauntímastaða teljara jöfnunarreiknings þátttakanda gagnvart öllum öðrum þátttakendum í kerfinu.

Stjórn jöfnunarkerfis: Tilgreindur hópur manna sem ber ábyrgð á starfrækslu jöfnunarkerfis með formlegum hætti, þ.m.t. að starfræksla jöfnunarkerfis sé í samræmi við reglur þessar. Sé félagsform jöfnunarkerfis hlutafélag eða einkahlutafélag telst félagsstjórn vera stjórn jöfnunarkerfisins í skilningi þessara reglna.

Stórgreiðslukerfi: Greiðslukerfi Seðlabanka Íslands sem vinnur úr greiðslufyrirmælum þannig að greiðsla er því aðeins færð út af uppgjørsreikningi greiðanda og inn á uppgjørsreikning móttakanda að næg innstæða sé á reikningi greiðanda eða næg heimild sem samið hefur verið um og tryggð er með fullnægjandi hætti. Greiðsluuppgjör fer fram um leið og greiðsla er færð út af uppgjørsreikningi greiðanda og inn á uppgjørsreikning móttakanda greiðslu (rauntímabruúttóuppgjör).

Stórgreiðslureikningur: Viðskipta- og uppgjørsreikningur þátttakanda í stórgreiðslukerfi.

Uppgjørsreikningur: Stórgreiðslureikningur sem notaður er við uppgjör í greiðslukerfi eða verðbréfauppgjörskerfi.

Verðbréfauppgjörskerfi: Kerfi sem staðfestir viðskiptaskilmála vegna verðbréfavíðskipta, reiknar út og ákvarðar réttindi og skyldur vegna viðskiptanna, gerir upp viðskiptin og annast vörslu verðbréfa.

Viðmiðunarverð verðbréfa: Dagslokaverð verðbréfa á síðasta viðskiptadegi fyrir viðmiðunardag á skipulegum verðbréfamarkaði eða viðurkenndum upplýsingaveitum sem Seðlabankinn hefur samþykkt.

2. gr.

Þátttakendur.

Stjórn jöfnunarkerfis tekur ákvörðun um aðild nýrra þátttakenda að kerfinu og útilokun á þátttöku aðila sem fyrir eru í kerfinu.

Þátttakendur í jöfnunarkerfum geta verið stofnanir, sbr. 2. tl. 2. gr. laga nr. 90/1999 um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum, enda uppfylli þær að öðru leyti kröfur sem stjórn jöfnunarkerfisins gerir til þátttökunnar, sbr. 3. gr. Þátttakendur skulu hafa uppgjörstreikninga í Seðlabankanum og vera jafnframt þátttakendur í stórgreiðslukerfi Seðlabankans.

Um réttindi og skyldur annarra þátttakenda, þ.e. milligönguaðila, uppgjörsaðila og greiðslujöfnunarstöðva, fer eftir lögum nr. 90/1999 og 2. og 3. gr. þessara reglna eftir því sem við á.

Nú uppfyllir þátttakandi ekki lengur skilyrði skv. 2. og 3. gr. og skal stjórn jöfnunarkerfisins þá synja honum um frekari þátttöku í kerfinu. Sama á við ef þátttakandi brýtur reglur þessar.

3. gr.

Þátttökuskilyrði.

Stjórn jöfnunarkerfis skal skriflega tilgreina skilyrði fyrir þátttöku í kerfinu. Skilyrðin skulu vera til þess fallin að stuðla að öryggi og skilvirkni kerfisins. Þau skulu jafnframt vera aðgengileg, hlutlæg, réttlæt看leg og nauðsynleg. Skilyrðin skulu að lágmarki kveða á um að þátttakandi:

1. lúti opinberu eftirliti fjármálaeftirlitsyfirvalds á Evrópska efnahagssvæðinu,
 2. uppfylli kröfur viðkomandi eftirlitsstofnunar, m.a. að því er varðar eiginfjárlutfall og lausafjárlutfall,
 3. hafi yfir að ráða nauðsynlegum tækniþúnaði vegna þátttökunnar,
 4. hafi yfir að ráða nauðsynlegri stjórnunarlegri getu og tækniþekkingu starfsmanna vegna þátttökunnar,
 5. hafi yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu í tengslum við þátttöku í kerfinu,
 6. hafi samið um og lagt fram fullnægjandi uppgjörstryggingar í Seðlabanka Íslands,
 7. hafi greitt eða samið um greiðslu eðlilegs þátttökugjalds.
- Ákvæði 1., 2. og 6. liðar 1. mgr. eiga ekki við um Seðlabanka Íslands.

4. gr.

Fjárhæð greiðslna.

Greiðslufyrirmæli undir 10 milljónum króna falla undir jöfnunarkerfi. Greiðslufyrirmæli að fjárhæð 10 milljónir króna eða hærrí falla undir stórgreiðslukerfi Seðlabankans (stórgreiðslumörk). Færslur vegna uppgjör í jöfnunarkerfi og verðbréfauppgjörskerfi falla þó undir stórgreiðslukerfi Seðlabanka án tillits til fjárhæðar.

Seðlabankinn getur ákveðið að höfðu samráði við stjórnir jöfnunarkerfa að tiltekna greiðslur sem eru lægri en stórgreiðslumörk skv. 1. mgr. falli undir stórgreiðslukerfið.

Þegar jöfnunarkerfi er starfrækt utan opnunartíma stórgreiðslukerfis getur Seðlabankinn í samráði við stjórn jöfnunarkerfis kveðið á um lægri fjárhæðarmörk en 10 milljónir króna á lokunartíma stórgreiðslukerfis Seðlabankans.

Óheimilt er að skipta niður greiðslufyrirmælum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að þau falli undir stórgreiðslukerfið.

5. gr.

Viðurkenning á jöfnunarkerfum.

Stjórn jöfnunarkerfis skal óska eftir viðurkenningu á kerfinu í samræmi við lög nr. 90/1999 um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum. Allar breytingar á viðurkenndum greiðslukerfum skulu kynntar fyrir Seðlabankanum fyrirfram.

6. gr.

Starfrækslutími jöfnunarkerfa.

Stjórn jöfnunarkerfis ákveður starfrækslutíma kerfisins í samráði við Seðlabanka Íslands. Lokauppgjör í jöfnunarkerfi skal þó eigi fara fram síðar en kl. 17.00 á almennum bankadögum. Heimilt er að láta fara fram fleiri en eitt uppgjör á dag í jöfnunarkerfum að fengnu samþykki Seðlabanka.

7. gr.

Greiðslufyrirmæli.

Greiðslufyrirmæli í jöfnunarkerfi teljast þau fyrirmæli þátttakanda, sem kerfið hefur móttakið og staðfest, að tilgreindum móttakanda séu afhentir fjármunir með því að leggja með reikningsfærslu tiltekna fjárhæð inn á reikning lánastofnunar, seðlabanka eða uppgjörsaðila, eða skuldbinda hann eða leysa hann undan skyldu til að inna af hendi greiðslu eins og það hugtak er skilgreint skv. almennum lögskýringum.

Jöfnunarkerfi skal skrá og varðveita nafn, heimilisfang og reikning greiðanda.

8. gr.

Beiðni um framkvæmd greiðslufyrirmæla.

Beiðni um framkvæmd greiðslufyrirmæla berst jöfnunarkerfi í gegnum rafræna tengingu þátttakanda við kerfið. Beiðnin getur varðað sérstaka greiðslu eða fleiri greiðslur sem safnað hefur verið saman innan dags.

9. gr.

Tímamark greiðslufyrirmæla.

Greiðslufyrirmæli teljast komin til jöfnunarkerfis þegar það hefur staðfest móttöku þeirra með sannanlegum hætti gagnvart þeim þátttakanda sem fyrirmælin gaf. Halda skal nákvæma tímaskrá yfir móttöku greiðslufyrirmæla til kerfisins og sendingu staðfestingar á móttöku.

10. gr.

Réttaráhrif staðfestingar á móttöku greiðslufyrirmæla.

Eftir að móttaka greiðslufyrirmæla hefur verið staðfest skv. 9. gr. teljast fyrirmælin bindandi gagnvart þriðja manni og er afturköllun þeirra óheimil eftir það tímamark, sbr. þó 2. mgr.

Nú kemur í ljós að augljós mistök hafa verið gerð við sendingu greiðslufyrirmæla sem hafa verið staðfest skv. 1. mgr. Afturköllun slíkra fyrirmæla með sýnilegri mótfærslu er heimil gagnvart jöfnunarkerfinu innan sama uppgjörsdags svo fremi að ráðstöfunarfjárhæð þess reiknings sem greitt var inn á sé nægjanleg til að endurgreiða umrædda fjárhæð enda hafi bú viðkomandi þátttakanda ekki verið tekið til gjaldþrotaskipta fram til þess tíma. Slík afturköllun fellir úr gildi bindandi réttaráhrif sem höfðu stofnast skv. 1. mgr. vegna fyrirmælanna. Að öðru leyti ber sá þátttakandi sem afturkallar greiðslufyrirmæli ábyrgð á réttmæti afturköllunarinnar.

Um réttaráhrif gjaldþrotaskipta þátttakanda fer samkvæmt lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti, og lögum nr. 90/1999 um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum.

11. gr.

Teljari og jöfnunarreikningar.

Um leið og greiðslufyrirmæli eru framkvæmd er breyting á jöfnunarstöðu þátttakanda skráð í teljara sem er aðgengilegur viðkomandi þátttakendum, Seðlabanka Íslands og stjórn jöfnunarkerfis.

Þátttakendur nota sérstaka jöfnunarreikninga við stýringu á jöfnunarstöðum sínum. Þátttakendur geta lagt fé inn á jöfnunarreikninga sína í því skyni að hækka hámarksjöfnunarstöðu tímabundið.

12. gr.

Hámarksjöfnunarstaða.

Þátttakendur semja um hámarksjöfnunarstöðu við stjórn jöfnunarkerfis. Þátttakendur geta óskað eftir breytingu á hámarksjöfnunarstöðu og skulu tilkynningar þar að lútandi berast til stjórnar jöfnunarkerfis og Seðlabanka. Ný hámarksjöfnunarstaða tekur gildi þegar Seðlabankinn hefur staðfest að gengið hafi verið frá formlegum tryggingum fyrir nýrri hámarksjöfnunarstöðu.

Jöfnunarkerfi skal tryggja að jöfnunarstaða skv. teljara jöfnunarreiknings á hverjum tíma verði ekki hærrí en umsámin hámarksjöfnunarstaða, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 11. gr. um greiðslu inn á jöfnunarreikninga.

Til að tryggja öruggan og samfelldan rekstur jöfnunarkerfis geta stjórn jöfnunarkerfis og Seðlabankinn krafist tiltekinnar hámarksjöfnunarstöðu einstakra þátttakenda.

13. gr.

Breyting á hámarksstöðu á lokunartíma stórgreiðslukerfis.

Þegar jöfnunarkerfi eru opin á lokunartíma stórgreiðslukerfis getur Seðlabankinn heimilað að hluti af tryggingum þátttakenda vegna stórgreiðslukerfisins sé nýttur í þágu jöfnunarkerfis á lokunartíma stórgreiðslukerfisins. Ráðstöfun af þessu tagi skal miða að því að draga úr líkum á að heimildarlás geti læstst í jöfnunarkerfi utan opnunartíma þátttakenda. Sé hluti trygginga stórgreiðslukerfis nýttur með þessum hætti skerðast heimildarstöður samsvarandi í stórgreiðslukerfinu þar til tryggingar hafa verið fluttar yfir að nýju.

14. gr.

Höfnun beiðni um framkvæmd greiðslufyrirmæla.

Berist beiðni til jöfnunarkerfis um greiðslufyrirmæli sem myndu, ef þau yrðu staðfest og framkvæmd, leiða til þess að viðkomandi jöfnunarstaða færi fram úr umsömdu hámarki, er skylt að hafna slíkri beiðni í kerfinu og tilkynna það viðkomandi þátttakendum.

15. gr.

Fjárhæð uppgjörstrygginga.

Þátttakendur í jöfnunarkerfi skulu semja um og leggja fram öruggar og fullnægjandi tryggingar í Seðlabanka Íslands fyrir greiðslufalli vegna uppgjörs í kerfinu.

Fjárhæð trygginga hvers þátttakanda skal miðuð við að hægt sé að ljúka uppgjöri í samræmi við hámarksjöfnunarstöðu viðkomandi þátttakanda hverju sinni.

16. gr.

Uppgjörstryggingar.

Þátttakendur í jöfnunarkerfi skulu semja skriflega um og leggja fram öruggar og fullnægjandi tryggingar í Seðlabanka Íslands fyrir greiðslufalli í kerfinu. Fjárhæð tryggingar að teknu tilliti til frádrags sbr. 18. gr. skal eigi vera lægri en fjárhæð heimildar viðkomandi þátttakanda sbr. 12. gr.

Seðlabankinn metur og samþykkir hæf verðbréf til tryggingar uppgjörs sbr. 17. gr. Uppgjörstryggingar geta jafnframt verið í formi reiðufjár á tryggingareikningi þátttakanda í Seðlabankanum. Seðlabankinn setur nánari skilyrði fyrir notkun reikningsins í samningi þar að lútandi.

Um uppgjörstryggingar fer skv. lögum nr. 46/2005 um fjárhagslegar tryggingar-ráðstafanir.

17. gr.

Hæf verðbréf til tryggingar fyrir heimildum.

Hæf verðbréf til tryggingar fyrir heimildum í jöfnunarkerfi geta verið innstæðubréf Seðlabankans, spariskírteini ríkissjóðs, ríkisbréf, ríkisvixlar og skuldabréf sem gefin eru út í íslenskum krónum og uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Útgefið markaðsvirði flokks sé yfir 3 ma.kr. og staðfest að það magn hafi selst.
2. Útgefandi hafi lánsþæfismat frá einhverju þriggja matsfyrirtækja: Standard & Poor's, Moody's eða Fitch og langtímalánsþæfiseinkunn A- eða betra miðað við matskerfi Standard & Poor's og Fitch og A3 eða betra hjá Moody's.
3. Verðbréf með ábyrgð ríkissjóðs eru metin eins og ríkissjóður sé útgefandi.
4. Verðbréfin séu í viðskiptavakt á skipulegum verðbréfamarkaði eða viðurkenndum upplýsingaveitum sem Seðlabankinn samþykkir (svo sem Bloomberg).
5. Verðbréfin skulu að jafnaði valin þannig að ekki sé um að ræða bréf með lokagjalddaga fyrir lok samningstímans.
6. Verðbréf, önnur en innstæðubréf Seðlabankans, skulu vera rafrænt skráð.

Auk verðbréfa sem útgefin eru í íslenskum krónum, er þátttakendum heimilt að leggja fram rafrænt skráð verðbréf (skuldabréf og vixla) í erlendri mynt sem uppfylla kröfur Seðlabanka Íslands um hæf bréf til ávöxtunar gjaldeyrisforða bankans. Seðlabankinn metur veðhæfi viðkomandi verðbréfa í hverju tilviki fyrir sig. Bréfin skulu uppfylla skilyrði 1. mgr. en útgefið markaðsvirði flokks skal vera yfir 1 ma. Bandaríkjadollara eða 1 ma. evra og staðfest að það magn hafi selst. Bréfin skulu einnig vera án uppgreiðslu- og innköllunar-ákvæða og ekki innihalda vilnanir eða vaxtaþrep. Verðbréf í erlendum myntum skulu ekki fara yfir 30% af gildandi tryggingum þátttakanda.

Ekki er heimilt að leggja fram til tryggingar víkjandi skuldabréf.

Útgefanda er ekki heimilt að nota eigin bréf til tryggingar fyrir uppgjörshæimild né er heimilt að nota bréf útgefanda sem viðkomandi þátttakandi á virkan eignarhlut í sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Séu bréf dregin út eða falli í gjalddaga á gildistíma heimildarstöðu sinnar í greiðslukerfi eða óski seljandi eftir því að fá þau afhent, skal hann leggja fram ný hæf verðbréf, og skal þá matsverð þeirra vera a.m.k. jafnhátt og matsverð hinna útdregnu eða gjaldföllnu verðbréfa.

Þátttakandi ábyrgist að verðbréf lögð fram til tryggingar séu veðbanda- og kvaðalaus.

18. gr.

Verðmat trygginga.

Við mat á verðmæti verðbréfa til tryggingar skal reikna eftirfarandi frádrag frá viðmiðunarverði:

1. Af spariskírteinum ríkissjóðs, ríkisbréfum og ríkisvixlum:
 - a. 1% þar sem eftirstöðvatími er styttri en 2 ár
 - b. 3% þar sem eftirstöðvatími er 2 til 5 ár
 - c. 5% þar sem eftirstöðvatími er lengri en 5 ár

2. Af öðrum bréfum:
 - a. 2% þar sem eftirstöðvatími er styttri en 2 ár
 - b. 5% þar sem eftirstöðvatími er 2 til 5 ár
 - c. 7% þar sem eftirstöðvatími er lengri en 5 ár
3. Af bréfum í erlendri mynt reiknast 15% auka frádrag vegna gengisáhættu ofan á ofangreint markaðsfrádrag.

Ekkert frádrag reiknast af innstæðubrífum Seðlabankans.

Seðlabankinn getur ef nauðsyn krefur, t.d. vegna markaðsaðstæðna reiknað frekara frádrag.

Liggi viðmiðunarverð verðbréfa ekki fyrir á skipulegum verðbréfamarkaði eða hjá viðurkenndum upplýsingaveitum sem Seðlabankinn samþykkir, er ekki hægt að nota viðkomandi verðbréf sem tryggingu nema til komi sérstakt samþykki Seðlabankans.

19. gr.

Viðbótartryggingar.

Seðlabankinn endurmetur reglulega verðmæti trygginga. Þar sem markaðsvirði verðbréfa og verðmæti erlendra verðbréfa í krónum getur breyst fyrirvaralaust getur slíkt endurmat leitt til þess að Seðlabankinn krefjist viðbótartrygginga.

Telji Seðlabankinn þörf á viðbótartryggingu sbr. 1. mgr. skal viðkomandi þátttakandi leggja fram fullnægjandi tryggingar innan sólarhrings frá því slík krafa er sett fram. Seðlabankinn getur einnig lækkað tímabundið hámarksheimildarstöðu viðkomandi þátttakanda um samsvarandi fjárhæð þar til viðbótartryggingartöku er lokið.

20. gr.

Vörslur verðbréfa.

Verðbréf sem lögð eru fram sem tryggingar skulu skráð hjá verðbréfamiðstöð sem hlotið hefur starfsleyfi skv. lögum nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Heimilt er að leggja fram verðbréf rafrænt skráð í erlendri verðbréfamiðstöð sem Seðlabankinn viðurkennir.

Verðbréf sem skráð eru í íslenskri verðbréfamiðstöð skulu vistuð á VS-reikningi viðkomandi þátttakanda í Seðlabankanum. Séu verðbréf skráð í erlendri verðbréfamiðstöð skulu þau vistuð hjá vörsluaðila (reikningsstofnun) sem Seðlabankinn viðurkennir.

Um skráningu trygginga fer skv. IV. kafla laga nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Jafnframt skulu VS-reikningar viðkomandi þátttakanda veðsettir Seðlabankanum samkvæmt sérstakri yfirlýsingu þar að lútandi.

21. gr.

Heimild til ráðstöfunar við uppgjörsvanefnd.

Neikvæð staða þátttakanda skal gerð upp í stórgreiðslukerfi án tillits til fjárhæðar.

Við vanefnd þátttakanda á uppgjörsskuldbindingum í jöfnunarkerfinu getur Seðlabankinn innleyst veðsett verðbréf og/eða nýtt reiðufé á tryggingareikningi og ráðstafað, án fyrirvara eða tilkynningar, inn á uppgjörskröfur í greiðslukerfum.

Við uppgjörsvanefnd í greiðslukerfum getur Seðlabankinn gengið að öllum tryggingum þátttakanda sem hann hefur sett til tryggingar uppgjóri í greiðslukerfum, óháð því hvort krafan varðar uppgjör á jöfnunar- eða stórgreiðslukerfi.

22. gr.

Kröfur um tæknilegan búnað.

Þátttakendur í jöfnunarkerfi skulu hafa yfir að ráða þeim tæknilega búnaði sem stjórn kerfisins skilgreinir á hverjum tíma.

23. gr.

Eftirlitskerfi með áhættu.

Þátttakendur skulu á hverjum tíma hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu í tengslum við notkun jöfnunarkerfis og annarra greiðslu- og verðbréfauppgjörskerfa sem þeir eru þátttakendur í.

24. gr.

Kynning á starfsemi jöfnunarkerfis.

Starfsmenn þátttakenda í jöfnunarkerfi er sinna greiðslumiðlun skulu hljóta nauðsynlega kynningu á kerfinu og þjálfun í notkun þess. Stjórn kerfisins í samráði við þátttakendur og Seðlabankann annast gerð samræmds kynningarefnis vegna kerfisins fyrir starfsmenn er sinna greiðslumiðlun og viðskiptamenn þátttakenda.

25. gr.

Vöktun jöfnunarstöðu.

Þátttakendum er skylt að fylgjast með jöfnunarstöðu sinni eins og hún kemur fram á viðkomandi jöfnunarreikningum og teljurum þeirra í því skyni að koma tímanlega í veg fyrir að beiðni um framkvæmd greiðslufyrirmæla sé hafnað. Þátttakendur og Seðlabankinn hafa aðgang að jöfnunarreikningum þátttakenda, en stjórn jöfnunarkerfis getur séð stöðu jöfnunarreikninga og teljara.

Hver þátttakandi skal hafa yfir að ráða tæknibúnaði er auðveldar vöktun greiðslustöðu.

26. gr.

Viðbrögð vegna greiðslustöðu.

Áður en hámarksjöfnunarstöðu er náð ber þeim þátttakanda sem hefur neikvæða stöðu að kappkosta að koma í veg fyrir að framkvæmd greiðslufyrirmæla sé hafnað með því að greiða fé inn á jöfnunarreikning sinn.

27. gr.

Viðbúnaðaráætlun þátttakanda.

Hver þátttakandi skal þróa viðbúnaðaráætlun þar sem gerð er grein fyrir eigin viðbrögðum við áföllum í starfsemi jöfnunarkerfisins.

28. gr.

Viðbúnaðaráætlun stjórnar greiðslukerfis.

Stjórn jöfnunarkerfis í samráði við þátttakendur kemur á fót og viðheldur áætlunum sem tryggja nauðsynlegt rekstraröryggi ef upp koma seinkanir, rafmagnsleysi eða önnur tæknileg óhöpp. Þátttakandi skal koma sér upp nauðsynlegum varabúnaði, m.a. til að geta tekið á móti tilkynningum um skuld á stórgreiðslureikningi og jöfnunarreikningi ef bilun eða röskun verður á venjulegum samskiptaháttum. Slík tilkynning getur þýtt að hlutaðeigandi þátttakandi eða aðrir þátttakendur verði að afla sér daglána eða færa laust fé á milli reikninga áður en

greiðsluuppgjörið á sér stað. Varabúnaðurinn á enn fremur að tryggja að þátttakanda sé fært að taka ákvörðun um miðlun lauss fjár af eða á eigin reikninga áður en greiðsluuppgjörið á sér stað. Þátttakandi verður einnig að hafa tæknilega getu til að taka við eða miðla lausu fé þótt venjulegar aðferðir bregðist.

Stjórn jöfnunarkerfis skal skipuleggja viðbúnaðaræfingar a.m.k. einu sinni á ári í samráði við þátttakendur og Seðlabanka.

29. gr.

Gjaldskrá.

Stjórn jöfnunarkerfis setur þátttakendum gjaldskrá vegna rekstrar og starfsemi kerfisins. Færslugjöld í jöfnunarkerfi skulu greidd af þeim aðila sem stofnar til greiðslufyrirmæla í greiðslukerfinu (greiðanda). Gjaldskrá skal vera gagnsæ og aðgengileg.

Stjórn jöfnunarkerfis greiðir þókun fyrir uppgjör jöfnunarkerfis í gegnum stórgreiðslukerfi Seðlabankans í samræmi við gildandi gjaldskrá fyrir stórgreiðslukerfið.

Þátttakendur greiða Seðlabankanum þóknun í samræmi við gildandi gjaldskrá bankans vegna töku trygginga fyrir heimildum í jöfnunarkerfi.

30. gr.

Eftirlit.

Stjórn jöfnunarkerfis ber ábyrgð á daglegum rekstri kerfisins og ber að tryggja að fullnægjandi hæfni, þekking og búnaður sé til staðar til að reka kerfið í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma.

Seðlabankinn hefur yfirsýn (e. oversight) með starfsemi jöfnunarkerfa að því er varðar öryggi þeirra, skilvirkni og hagkvæmni. Fjármálaeftirlitið annast eftirlit (e. supervision) með framkvæmd einstakra þátttakenda á reglum um jöfnunarkerfi.

31. gr.

Upplýsingagjöf.

Stjórn jöfnunarkerfis og/eða einstakir þátttakendur skulu veita Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitinu allar umbeðnar upplýsingar varðandi framkvæmd þessara reglna og tilkynna þeim um öll mikilsverð tilvik sem kunna að raska eða hafa raskað starfsemi kerfisins.

Þátttakendur skulu miðla upplýsingum um þátttöku sína í jöfnunarkerfinu til þeirra sem þess óska og hafa lögmætra hagsmuna að gæta og um helstu reglur sem gilda um starfsemi kerfisins.

Stjórn jöfnunarkerfis auglýsir í Lögbirtingablaði hverjir eru þátttakendur í kerfinu. Auglýsa skal að nýju ef breytingar verða á þátttöku.

32. gr.

Verklagsreglur.

Stjórn jöfnunarkerfis setur verklagsreglur þar sem nánar er kveðið á um starfsemi kerfisins, þátttökuskilyrði, útilokun þátttöku, kröfur um tæknibúnað, framkvæmd greiðslufyrirmæla og viðbúnaðaráætlun.

33. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru skv. heimild í 38. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands, taka gildi 13. apríl 2007. Á sama tíma falla úr gildi reglur um starfsemi jöfnunarkerfa nr. 789 frá 20. október 2003.

Reykjavík, 11. apríl 2007.

Seðlabanki Íslands,

Davíð Oddsson,
formaður bankastjórnar.

Eiríkur Guðnason
bankastjóri.

Ingimundur Friðriksson
bankastjóri.

B-deild – Útgáfud.: 12. apríl 2007